



Vinnuferli þegar upp kemur grunur um einelti

Starfsmaður skólans skráir tilkynninguna á þar til gert eyðublað og skilar henni til umsjónarkennara/námsráðgjafa. **Eineltisteymi** fer yfir allar tilkynningar.

Nemandi/foreldri tilkynnir starfsmanni skólans.

Umsjónarkennari notar gátlista við úrvinnslu vegna tilkynningar um grun um einelti.

Gátlisti

- Ræðir við þolanda
- Ræðir við meinta gerendur
- Leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans
- Leitar upplýsinga hjá öðrum nemendum
- Ræðir við foreldra þolanda
- Ræðir við foreldra meints geranda
- Tengslakönnun lögð fyrir bekkinn
- Eineltiskönnun lögð fyrir bekkinn

Umsjónarkennari hefur samband við alla starfsmenn sem tengjast þolanda og geranda. Hér er átt við alla kennara og starfsmenn sem koma að viðkomandi einstaklingum.

Ef um einelti er að ræða þá fer eftirfarandi ferli í gang

Eineltisteymi Langholtsskóla
Eineltisteymi fundar vikulega. Það heldur utan um tilkynningar og fylgist með framvindu mála. Veitir ráðgjöf og stuðning við úrlausn eineltismála á öllum stigum þeirra.
Í eineltisteyminu eru:
Námsráðgjafi
Yfirmaður sérkennslu
Kennarar

- Einstaklingsviðtöl við þolendur þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láti vita ef eineltið heldur áfram
- Alvarleg einstaklingsviðtöl við gerendur þar sem skilyrðislaust er farið fram á að þeir hætti eineltinu
- Ráðstafanir skipulagðar með foreldrum þolenda og gerenda
- Bekkjarfundir um einelti og samskipti
- Eftirfylgni þar sem rætt er reglulega við þolendur, gerendur og foreldra.

Ef eineltið hættir ekki verður málinu vísað til nemendaverndarráðs